

Framlag til jarðræktar og hreinsunar affallsskurða

Alls bárust 27 rafrænar umsóknir vegna jarðræktar og 27 rafrænar umsóknir vegna affallsskurða til Matvælastofnunar. Framkvæmdir eru komnar í úttektarferli hjá úttektaraðilum á vegum búnaðarsambanda, og átti úttektum að vera lokið 15. nóvember 2016. Styrkir eru síðan greiddir út fyrir árslok 2016.

Styrkhæf ræktun vegna jarðræktar er ræktun grass, korntegunda til dýrafóðurs og manneldis, ræktun olíujurta, þar með talin til lífdísilolíuframleiðslu enda sé hratið nýtt til fóðurs, ræktun grænifóðurs til beitar og uppskeru á því ári sem uppskorið er.

Beit búpenings telst vera uppskera sem og nýting kornhálms. Ræktun vetraryrkja sem sáð er um mitt sumar og endurræktun túna er tekin út á uppskeruári.

Greitt er út á hundruð metra vegna hreinsunar affallsskurða og venjulegar reglur um upphækkningar gilda. Framlög má aðeins veita ef heildarlengd er a.m.k. 100 metrar.

Breidd skurðanna skal minnst vera 6 metrar að ofan. Úttektaraðili sannreynir stærð, lengd og breidd skurðar og hvort skilyrði til styrkveitingar eru að öðru leyti uppfyllt.

Framlag til vatnsveitna á lögbýlum

Alls bárust 28 rafrænar umsóknir til Matvælastofnunar. Framkvæmdir eru komnar í



úttektarferli hjá úttektaraðilum á vegum búnaðarsambanda og skal úttektum vera lokið eigi síðar en 20. nóvember 2016. Styrkir eru síðan greiddir út eigi síðar en 15. febrúar 2017.

Fyrirvari er gerður um að framkvæmdin standist kröfur til úttektar í samræmi við reglugerð nr. 180/2016 gefin út af innanríkisráðuneytinu og þá þarf Jöfnunarsjóður sveitarfélaga endanlega að samþykkja fjárveitingu.

Ráðstöfun fjár vegna ullarnýtingar 1. nóv. 2015 til 31. okt. 2016

Lokauppgjör vegna ullarnýtingar verður greidd til bænda 21. nóvember 2016.

Skilyrði fyrir greiðslu fjármuna til bænda er að ullin hafi verið flokkuð og metin í samræmi við lög nr. 57/1990, um flokkun og mat á gærum og ull, og reglugerð nr. 856/2003, um ullarmat.

Fjárhæðinni skal deilt niður hlutfallslega eftir gæðum á hvert kíló hreinnar ullar miðað við alla innlagða ull á tímabilinu 1. nóvember–31. október.

*Guðrún S. Sigurjónsdóttir
fulltrúi, Búnaðarstofu.*